

Fundargerð stjórnarfundar Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn föstudaginn 11. apríl 2014 kl 10.15, í fjarfundi, frá Ísafirði, Svarfhóli Reykhólahreppi, Reykjavík og Súðavík.

Formaður setti fundinn sem hefði verið frestað frá 9. apríl af ófyrirséðnum ástæðum. og kynnti að Friðbjörg Matthíasdóttir væri forfölluð og að endurskoðandi FV væri forfallaður.

Gengið til dagskr

1. Fundargerð stjórnarfundar 26. mars 2014
Fundargerð lögð frá 26. mars lögð fram, fundargerð samþykkt..
2. Ársreikningur FV fyrir árið 2013
 - a. Tillaga að skiptingu rekstarkostnaðar á deildir
Framkvæmdastjóri lagði fram minnisblað með tillögu til stjórnar um skiptingu sameiginlegs rekstarkostnaðar niður á deildir fyrir árið 2013 og ákvörðun um ráðstöfun rekstarafgangs eða rekstarhalla af einstaka deildum. Tillaga framkvæmdastjóra samþykkt.
 - b. Drög að ársreikningi FV fyrir árið 2013
Framkvæmdastjóri kynnti drög að ársreikningi á grunni tillögu um ráðstöfun rekstarafgangs eða rekstarhalla af einstökum deildum. Rætt um niðurstöðu ársreiknings og framkvæmdastjóra falið að setja nánari skýringar í ársreikning og vísar afgreiðslu reiknings til næsta stjórnarfundar.
Lögð fram tillaga að skýrslu stjórnar í ársreikningi, tillagan samþykkt.
3. 59. Fjórðungsping Vestfirðinga
Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra um dagssetningu og staðsetningu 59. Fjórðungspings Vestfirðinga.

Samþykkt að þingið verði haldið, 3. og 4. október n.k. og staðsetning verði í Vestur Ísafjarðarsýslu. Aðalmálefni þingsins verði málefni grunnskólans en önnur mál verði stoðkerfi atvinnulífs á Vestfjörðum og samgöngumál/fjarskiptamál.

4. Staða verkefna og samninga ríkis og landshlutasamtaka sveitarfélaga / atvinnuþróunarfélaga
 - a. Menningarsamningar
Kynnt sameiginlegt erindi landshlutasamtaka sveitarfélaganna til mennta- og menningarmálaráðherra og sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra frá 27. mars s.l. Erindinu hefur ekki verið svarað. Formaður og framkvæmdastjóri sækja fund stýrinets sóknaráætlunar landshluta 11. apríl þar sem landshlutasamtök munu sækja á svar við erindi sínu.
 - b. Vaxtarsamningar
Stýrinet sóknaráætlunar landshluta hefur boðað til fundar 11. apríl, þar sem gert verður grein fyrir breyttu fyrirkomulagi vaxtarsamninga.
 - c. Sóknaráætlun landshluta
Kynnt dagskrá fundar stýrinets sóknaráætlunar landshluta, föstudaginn 11. apríl. Formaður og framkvæmdastjóri sækja fundinn. Á fundinum verður kynnt nýtt fyrirkomulag stýrinets sóknaráætlunar á grundvelli forsetaúrskurðar frá 17. mars s.l..

Formaður lagði fram tillögu að ályktun.

Stjórn FV lýsir yfir mikilli óánægju með seinkun á staðfestingu ráðuneyta við landshlutasamtök sveitarfélaga varaðndi samninga um menningarmál, vaxtarsamning og sóknaráætlun landshluta. Verulegur niðurskurður var í fjárlögum 2014 til atvinnu- og byggðaðróunar á Vestfjörðum eða um 70 mkr og nú bætist við töf á afgreiðslu fjármuna sem fjárlög þó heimiluðu. Hætta er á að starfsemi lítilla fyrirtækja og stofnana dragist verulega saman og eða verði hætt vegna þeirrar stöðu sem upp er kominn.

Tillagan samþykkt

- b. Lögð fram fundargerð frá verkefnastjórn Vestfjarðaklasa frá 18. febrúar og minnisblað frá 28. febrúar s.l..

Verkefnisstjórn gerir tillögu að endurráðstöfun af fjármagni af sóknaráætlun landshluta 2013 til Vestfjarðaklasa í ljósi mikils samdráttar í framlögum til sóknaráætlunar landshluta á fjárlögum 2014. Tillagan er að eftirstöðvar fjármagns 7 mkr verði skipt þannig, 4 mkr renni til markaðsátaks sveitarfélaga og 3 mkr til markaðsátak fyrir Vestfirði til að koma Vestfjörðum á framfæri í afþreyingarkerfi flugvéla Icelandair í samstarfi við ferðaþjónstu á Vestfjörðum. Önnur verkefni sóknaráætlunar landshluta er lokið eða þau eru á áætlun.

Stjórn staðfestir ákvörðun verkefnisstjórnar.

5. Samgöngu og fjarskiptamál.

- a. Fundargerð samgöngunefndar 25. mars 2014

Lögð fram fundargerð samgöngunefndar frá 25. mars 2014 þar sem nefndin fundaði í Reykjavík, með stofnunum og fyrirtækjum á sviði samgöngu og fjarskiptamála.

Formaður nefndarinnar kynnti efni fundarins.

- b. Samgönguáætlun 2013-2016

Innanríkisráðherra hafði framsögu í Alþingi um samgönguáætlun 9. apríl, þar sem staðfest er útboð Dýrafjarðarganga árið 2016 en framkvæmd Vestfjarðarvegar 60 í Gufudalssveit sé í pattstöðu. Stjórn samþykkir óska eftir umsögn samgöngunefndar FV um áætlunina.

- c. Samgönguáætlun 2015-2026

Lagt fram bréf innanríkisráðuneytis dags 10. febrúar 2014 og kynntur tölvupóstur 21. mars, varðandi samráð við landshlutasamtök sveitarfélaga vegna endurskoðunar tólf ára samgönguáætlunar 2015-2026 og fjarskiptaáætlunar 2015-2026. Áætluð dagsetning fundar fyrir Vestfirði verður haldinn á Ísafirði 30. apríl n.k..

Framkvæmdastjóri kynnti að í samráði við formann samgöngunefndar hefði verið sent boð á sveitarfélög á Vestfjörðum auk stjórnar FV.

- d. Almenningsamgöngur.

1. Fjárhagsstaða samnings um akstur á leið 57,58 og 59

Mættur til fundar Ólafur Sveinsson, verkefnastjóri atvinnuþróunar SSV. Lagt fram yfirlit um rekstur á leið 57, 58 og 59 fyrir árið 2013 sem SSV heldur utan um.

Rekstur ársins 2013 og það sem af er ári 2014 er rekin með hagnaði og fjölgun er í fjölda farþega. Rekstarforsendur eftir endurskoðun á áætlunum um áramót 2012 og 2013 eru því að ganga eftir.

Óuppgerert er skipting á tapi frá hausti 2012 að fjárhæð 18 til 19 mkr en SSV og SSVN hafa fjármagnað það tímabundið. Unnið er áfram að lausn málsins.

Ólafur kynnti þá afstöðu SSV að stofnað væri sérstakt félag um þennan rekstur og beindi því til FV að skoða málið.

Stjórn þakkar Ólafi fyrir greinargóðar upplýsingar og samþykkt að taka til skoðunar aðild að félagi um rekstur almenningissamgangna.

2. Sumaráætlun

Lögð fram til kynningar sumaráætlun v. Leiðar 59. Annar akstur á vegum FV verður með óbreyttu sniði.

Fram hafa komið munnlegar fyrirspurnir hvort FV muni eins og Vegagerðin á sínum tíma, að bjóða út sumarakstur (júní, júlí, ágúst) á leiðinni Hólmavík – Ísafjörður og Patreksfjörður – Ísafjörður. Framkvæmdastjóra falið að skoða lausn á þessu máli í ljósi umræðu á fundinum.

e. Umræðuskjal um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu.

Póst og fjarskiptastofnun (PSF) lagði fram á heimasíðu sinni þann 21. febrúar s.l. umræðuskjal um framtíðarfyrirkomulag alþjónustu og óskað viðbragða fyrir 1. apríl nk.. FV óskaði eftir við Samband íslenskra sveitarfélaga að málið yrði kynnt landshlutasamtökum sveitarfélaga og boðað var til fundar þann 27. mars sl.. mars n.k.. Lagðir fram minnisþingir af fundinum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga og drög að svörum við spurningum PFS. Framkvæmdastjóri kynnti að hann hefði falið menningarfulltrúa að taka saman svör frá vestfirskum sveitarfélögum og vinna greinargerð á grundvelli þeirra svara.

6. Umsagnir til Alþingis

a. Beiðnir um umsagnir frá Alþingi

1. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um flutning stjórnýslu um málefni hreindýra, 202. mál. Umsögn berist eigi síðar en 23. janúar nk. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
2. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stofnun Hofsjökulsþjóðgarðs, 169. mál. Umsögn berist eigi síðar en 23. janúar nk. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
3. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203. mál. Umsögn berist eigi síðar en 23. janúar nk. Umsögn skilað og
4. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um um framkvæmdarvald og stjórnýslu ríkisins í héraði, 250. mál. Umsögn berist eigi síðar en 7. febrúar nk. Umsögn skilað þann og kynnt á fundi nefndarinnar ...
5. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um um breyt. á lögregluglögum (fækkun umdæma o.fl.) 251. mál.

- Umsögn berist eigi síðar en 7. febrúar nk. Umsögn skilað þann og kynnt á fundi nefndarinnar ...
6. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi byggðaáætlun 2014-2017, 256. mál. Umsögn berist eigi síðar en 7. Febrúar. Umsögn skilað 14. Febrúar og kynnt á símafundi með nefndinni þann ...
 7. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um jöfnun kostnaðar við dreifingu raforku (jöfnunargjald), 237. mál. Umsögn berist eigi síðar en 7. Febrúar. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 8. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um opinber skjalasöfn (heildarlög), 246. mál. Umsögn berist eigi síðar en 13. Febrúar. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 9. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um sóknaráætlun skapandi greina til þriggja ára, 267. mál. Umsögn berist eigi síðar en 24. Febrúar. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 10. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar skýrslu nefndar um mótun stefnu um lagningu raflína í jörð, 60. mál (lögð fram af iðnaðar- og viðskiptaráðherra). Umsögn berist eigi síðar en 18. Febrúar. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 11. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um hafnalög (ríkisstyrkir o.fl.), 234. mál. Umsögn berist eigi síðar en 21. Febrúar. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 12. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um áhættumat vegna ferðamennsku, 216. mál. Umsögn berist eigi síðar en 11. Mars Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 13. Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um umferðarlög (EES-reglur o.fl.), 284. mál. Umsögn berist eigi síðar en 11. Mars. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 14. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um kaup ríkisins á Grímsstöðum á Fjöllum, 276. mál. Umsögn berist eigi síðar en 13. Mars. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 15. Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um endurskoðun á lagaumhverfi er varðar uppkaup á landi, 277. mál. Umsögn berist eigi síðar en 13. Mars. Tillaga. Umsögn ekki skilað.
 16. Utanríkismálanefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu og um eflingu samstarfs við Evrópusambandið og Evrópuríki, 340. mál. Umsögn berist eigi síðar en 8. apríl 2014. Tillaga. Send verði ...
 17. Atvinnuveganefnd Alþingis sendir til umsagnar frumvarp til laga um fiskeldi (breyting ýmissa laga), 319. mál. Umsögn berist eigi síðar en 28. Mars 2014. Tillaga. Send verði umsögn.
- b. Umsögn. Þingsályktun um háhraðnetstengingar í dreifbýli, mál 203. Staðfest verði umsögn sem send var umhverfis og samgöngunefnd þann 20. Janúar s.l. og kynnt á símafundi með nefndinni
 - c. Umsögn. Frumvarp til laga um framkvæmdavald og stjórnsýslu í héraði mál nr og frumvarp til laga um lögregluumdæmi mál nr.

Staðfest verði umsögn sem send var allsherjarnefnd og kynnt á fundi nefndarinnar þann

- d. Umsögn, þingsályktun um stefnumótandi Byggðaáætlun 2014-2017. Staðfest verði umsögn sem send var atvinnuveganefnd 14. Febrúar s.l. og kynnt á símafundi með nefndinni þann
- e. Umsögn frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (flutningur verkefna, stofnun sjóðs o.fl.). Mál 619. Staðfest verði umsögn frá 4. apríl s.l. og að henni fylgi umsögn Háskólaseturs Vestfjarða sem skrifuð var að beiðni FV.

7. Önnur mál

- a. Ráðstefna um byggðamál
Kynnt hugmynd að ráðstefnu um byggðmál sem yrði haldin á Patreksfirði á komandi hausti. Frumkvöðull að ráðstefnunni er Háskólasetur Vestfjarða sem hefur nú óskað aðkomu FV, Byggðastofnunar og Vesturbyggðar að skipulagningu hennar. Stjórn FV samþykkir að taka þátt í undirbúningi ráðstefnunnar.
- b. Landsskipulagstefna 2015-2026, lýsing
Kynnt umsögn Samband íslenskra sveitarfélaga á lýsingu Landsskipulagsstefnu sem FV lýsti stuðningi við og átti þátt í að semja.
- c. Drög að frumvörpum um jafnrétti.
Kynnt umsögn FV á drögum að frumvörpum félags og húsnaðismálaráðherra lagði fram til umsagnar í 17.febrúar s.l..
- d. Fundargerðir landshlutasamtaka
Lagt fram til kynningar aðsendar fundargerðir landshlutasamtaka. Fundargerð Eyþings 29. Janúar s.l., fundargerð SSA 4. Febrúar s.l. og fundargerð SSNV frá 14. Janúar s.l.
- e. Yfirlit yfir aðsend erindi

Dags:	Hver:	Hvað:
14/01/2014	Earth Check	Umhverfivottun sveitarfélaga á Vestfjörðum
21/01/2014	Skipulagsstofnun	Boð um þátttöku í samráðsvettvangi vegna mótunar landsskipulagsstefnu 2015-2016
30/01/2014	Ísafjarðarbær	Nýtingaráætlun fyrir Ísafjarðardjúp og Jökulfirði 2014-26 samþykkt í bæjarstjórn 16.janúar
10/02/2014	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið	Styrkur að upphæð 500.000 kr. veittur til heimasíðugerðar í tengslum við verkefnið Umhverfivottun Vestfjarða
10/02/2014	Innanríkisráðuneytið	Samgöngumál – Samráð við landshluta-samtök sveitarfélaga vegna endur-skoðunar tólf ára samgönguáætlunar 2015-2026 og fjarskiptaáætlunar 2015-2026
17/02/2014	Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða	Fundargerð heilbrigðisnefndar 14. febrúar 2014
05/03/2014	Náttúrustofa Vestfjarða	Fundargerð 88.fundar stjórnar NAVE

06/03/2014	Kaldrananeshreppur	Markaðsátak fyrir sveitarfélögin á Vestfjörðum
26/03/2014	Bolungarvíkurkaupstaður	Samningur um markaðsátak fyrir Vestfirði
27/03/2014	Byggðastofnun	ESPON-Scientific Report nr.2 Um vísindi til stuðnings svæðapróun og samheldni
31/03/2014	Samrit. Innanríkisráðuneytið til Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis	Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer framvegis með byggðamál undir yfirstjórn sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.
03/04/2014	Innanríkisráðuneytið Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	Endurskoðun á greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins fyrir 2014. Framlög til FV verði um 23,4 mkr.
04/04/2014	Skipulagsstofnun	Beiðni um umsögn – Sjókvíaelði HG í Ísafjarðardjúpi, 6.800 tonn regnbogasilungur 200 tonn þorskur

Dags.	Hver (sent í tölvupósti)	Hvað
08/01/2014	Ísafjarðarbær	Samþykkt stefnu sveitarfélaga á Vestfjörðum v. umhverfissvottunar
14/01/2014	Strandabyggð	Staðfesting Lýsing nýtingaráætlunar Djúps og Jökulfjarða
27/01/2014	Byggðastofnun	Framlög til atvinnuþróunar 2014

f. Yfirlit um erindi frá FV

Dags:	Hver:	Hvað:
06/01/2014	Sigurður Ingi Jóhannsson Umhverfis- og auðlindaráðherra	Boð á undirritun og lokun verkefnissins Nýtingaráætlun Arnarfjarðar
06/01/2014	Alþingi Umhverfis- og samgöngunefnd	Meðhöndlun úrgangs- breytingarfrumvarp þingskjal 277 – 215.mál
14/01/2014	Alþingi Umhverfis- og samgöngunefnd	Umsögn um frumvarp til laga um meðhöndlun úrgangs (verndun umhverfis og heilsu, EES-reglur), mál 215, 143. löggjafarþing
16/01/2014	Mennta- og menningarmálaráðuneyti	Athugasemdir vegna endurnýjun menningarsamnings ríkis og sveitarfélaga
20/01/2014	Alþingi Umhverfis- og samgöngunefnd	Umsögn um þingsályktunartillögu um háhraðanettengingar í dreifbýli, 203.mál 143. löggjafarþing

10/02/2014	Elsa Lára Arnardóttir Alþingismaður	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Ásmundur Einar Daðason Alþingismaður	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Einar Kristinn Guðfinnsson Forseti Alþingis	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Guðbjartur Hannesson Alþingismaður	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Haraldur Benediktsson Alþingismaður	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Jóhanna María Sigmundsdóttir Alþingismaður	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Lilja Rafney Magnúsdóttir Alþingismaður	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Ragnheiður Elín Árnadóttir Iðnaðar- og viðskiptaráðherra	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Sigurður Ingi Jóhannsson Umhverfis- og auðlindaráðherra	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Hanna Birna Kristjánsdóttir Innanríkisráðherra	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
10/02/2014	Gunnar Bragi Sveinsson Utanríkisráðherra	Boð á athöfn 27. febrúar 2014 þar sem staðfest verður nýtingaráætlun fyrir strandsvæði Arnarfjarðar 2012-2014
13/02/2014	Alþingi Allsherjar- og menntamálanefnd	Umsögn FV um frumvarp til laga um breytingar á framkvæmdavaldi og stjórnýslu í héraði, mál 250.

13/02/2014	Alþingi Allsherjar- og menntamálanefnd	Umsögn FV um frumvarp til laga um breytingar lögreglulögum, mál 251.
27/03/2014	Mennta- og menningarmálaráðuneytið	Athugasemdir landshlutasamtakanna vegna Menningarsamning 2014
27/03/2014	Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið	Athugasemdir landshlutasamtakanna vegna Menningarsamning 2014
04/04/2014	Alþingi, atvinnuveganefnd.	Umsögn um frumvarpi til breytinga á fiskeldislögum, leyfisveitingar mál. 319
10/04/2014	Sjávarútvegs og landbúnaðarráðherra (tölvóstur)	Kynning á umsögn til Alþingis um frumvarpi til breytinga á fiskeldislögum, leyfisveitingar mál. 319

Fleira ekki gert og fundi slitið 12.15.

Aðalsteinn Óskarsson, framkvæmdastjóri.